

183

19. nóv.

S A M Þ Y K K T

um lendingarsjóði í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Af öllum skipum, er ganga til fiskveiða á veiðistöðvunum Ytri-Snæfjallaströnd með Skarði, skal greiða í lendingarsjóð eina krónu af hverjum vertíðarhlut, og í veiðistöðvunum Ögurnesi og Ögurvík tvær krónur af hverjum vertíðarhlut.

2. gr.

Tvær eru vertíðir, haust og vetrar og vor og sumar. Fyrir skemmri tíma en mánuð skal ekkert gjald greiða.

3. gr.

Hreppsnefnd innheimtir gjald þetta. Greiðir formaður það af óskiptum afla áður en hann lýkur vertíð í þessum veiðistöðvum. Gjaldið skal greitt í peningum. Innheimtumaður fær 2% í innheimtulaun. Taka má gjald þetta lögtaki, sé það eigi greitt á réttum tíma.

4. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða, og sendir hann oddvita sýslunefndarinnar skýrslu þessa ásamt gjaldupphæðinni fyrir báðar vertíðirnar fyrir lok októbermánaðar ár hvert.

5. gr.

Gjald hvernar veiðistöðvar skal ávaxtað í sérstökum sjóði. Kallast sjóðir þessir Lendingarsjóður Ytri-Snæfjallastrandar og Lendingarsjóður Ögurhrepps. Sýslunefndin annast um að sjóðir þessir séu ávaxtaðir á sem tryggastan og haganlegastan hátt.

6. gr.

Fé sjóðanna skal varið til að bæta lendingar í hlutaðeigandi veiðistöðvum. Sýslunefndin ákveður hvenær byrjað er að veita fé úr sjóðunum til lendingarbóta.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917, til að öðlast gildi 1. desember 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 108 30. nóvember 1907 um téðan lendingarsjóð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1940.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.